

Tillaga um vinnustöðvun hjá Almenningsvögnum Kynnisferða 3/3

Fundur samninganefndar Eflingar - stéttarfélags haldinn 28. febrúar 2019 kl. 20:00 í salarkynnum Eflingar Guðrúnartúni 1 samþykkir að láta fara fram atkvæðagreiðslu um boðun vinnustöðvunar skv. 15. grein laga 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Vinnustöðvunin taki til félagsmanna Eflingar sem vinna hjá fyrirtækinu Almenningsvagnar Kynnisferð ehf. (svo stafs. skv. Fyrirtækjaskrá Ríkisskattastjóra), Klettagörðum 12, 104 Reykjavík (kt. 631299-2379) skv. almennum kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins og Eflingar – stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar, Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis og Stéttarfélags Vesturlands sem rann út þann 31. desember 2018.

Samningaviðræður um framlagðar kröfur Eflingar - stéttarfélags vegna endurnýjunar þessa kjarasamnings fyrir hönd félagsmanna sinna hafa reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu ríkissáttasemjara.

Vinnustöðvunin taki til allra hópbifreiðastjóra og annarra félagsmanna Eflingar sem vinna hjá fyrirtækinu Almenningsvagnar kynnisferð ehf. samkvæmt ofangreindum kjarasamningi Eflingar og SA á félagssvæði Eflingar sem nánar tilgreint er lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar og Kjósarsýslu að Botnsá, Grímsnes og Grafningshrepps, Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfus auk Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

Greidd verða atkvæði samkvæmt heimildarákvæði 2.mgr. 15.gr. laga nr. 80/1938 og skal kjörskrá sett saman með tilliti til þess og á henni þeir félagsmenn Eflingar sem í hlut munu eiga.

Vinnustöðvun félagsmanna Eflingar á ofangreindum vinnustað er með þeim hætti að félagsmenn mæta til vinnu og inna af hendi venjubundna vinnuskyldu sína en með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru ef og þegar vinna fellur á viðeigandi dagsetningu sbr. neðangreint. Á tilgreindum dögum eða dagabilum tekur vinnustöðvun gildi klukkan 00:01 þann dag sem hún hefst og lýkur klukkan 23:59 þann dag sem henni lýkur.

- Frá og með 18. mars 2019 og til ótilgreinds tíma:
 - o Bílstjórar annast ekki eftirlit með greiðslu fargjalds, óháð greiðslumáta.

Starfsmönnum sem vinnustöðvunin tekur til er áskilinn fullur réttur til greiðslu launa fyrir störf sín utan ofangreindrar vinnustöðvunar og fyrir störf sem kann að vera bætt við starfsskyldur þeirra í stað þeirra sem vinnustöðvunin tekur til.

Atkvæðagreiðslunni skal lokið eigi síðar en kl. 22:00, fimmtudaginn 14. mars 2019.